

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „torfærukeppni“ kemur: og kappakstursbifreiðum til nota á lokuðum brautum til akstursíþróttu.
- b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. tl. 2. mgr. kemur: samgöngu-
ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. febrúar 2008.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Jóhann Arnason.